



ÍÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Almennu lögfræðistofan sf.
Lárus L. Blöndal
Suðurlandsbraut 12
108 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
postur@ivr.stjr.is
www.ivr.is

Reykjavík 13. febrúar 2006
Tilv.: IVR05050089/23.120

Efni: Leyfi til malartöku af sjávarbotni í Faxaflóa.

Við er til erindis yðar, dags. 24. maí 2005, þar sem sótt er um að leyfi til handa Björgun ehf. til töku malar og sands af sjávarbotni utan netlaga í Kollafirði, Hvalfirði og umhverfis Syðra Hraun í Faxaflóa verði framlengd í eitt ár. Eins og fram kemur í erindinu gaf iðnaðarráðuneytið hinn 28. ágúst 1990 út leyfi til efnistöku á þessum svæðum á grundvelli heimilda í lögum nr. 73/1990. Leyfið var veitt til 30 ára. Lögum nr. 73/1990 var breytt með lögum nr. 101/2000, sem tóku gildi þann 6. júní 2000. Með breytingunni var m.a. ákveðið að þeir aðilar sem þegar höfðu fengið leyfi á grundvelli fyrri laga, skyldu halda þeim í 5 ár frá gildistöku þeirra.

Ráðuneytið vakti formlega athygli Björgunar ehf. á þessari breytingu með bréfi, dags. 23. september 2004. Hinn 13. október 2004 ritaði félagið ráðuneytinu bréf þar sem óskað var viðræðna við ráðuneytið um leyfi félagsins. Hafa fulltrúar aðila átt nokkra fundi um málefnið. Björgun ehf. hefur með bréfi dags. 23. nóvember 2005, tilkynnt Skipulagsstofnun um fyrirhugaða efnistöku í Kollafirði á tímabilinu 2006 til 2016 og óskað ákvörðunar stofnunarinnar um matsskyldu framkvæmdarinnar. Í tilkynningunni er lögð áhersla á að í öllum tilfellum er um eldri námur að ræða.

Efnistaka Björgunar ehf. úr sjó í nágrenni Reykjavíkur hefur staðið yfir frá fyrri hluta 7. áratugar síðustu aldar. Á þessum tíma hefur félagið orðið mjög mikilvægur birgir malar og sands til framkvæmda í Reykjavík og nálægum sveitarfélögum. Í ljósi þessa og þeirrar staðreyndar að fyrirhuguð efnistaka mun, eingöngu fara fram í eldri námum sér ráðuneytið sér fært að veita Björgun ehf. takmarkaða heimild til hagnýtingar jarðefna á afmörkuðum svæðum á hafsbotni. Starfsemin skal bundin við þær námur sem þegar eru í notkun og skal heimildin gilda til 6. júní 2006. Skilyrði þau er fram koma í leyfi Björgunar ehf., sem féll úr gildi 6. júní sl., skulu gilda um starfsemina á gildistíma heimildarinnar.

Fyrir hönd ráðherra

Kristján Skarphéðinsson

Helgi Bjarnason